# Landsbyggðin - Bænagangan 2025

*11 leggir á landsbyggðinni*

*Vilt þú leiða göngu í þínu bæjarfélagi? Hafðu þá samband við Lindina í síma 567-1818.*

| | |
|---|---|
| **Akranes**<br>Lagt verður af stað kl. 09:30 frá bílastæðinu við gömlu bæjarskrifstofurnar. Endum á sama stað um kl. 10:30. Rögnvaldur leiðir gönguna, sími 846-3877 | **Höfn í Hornafirði**<br>Gengið hefur verið frá Hvítasunnukirkjunni á Höfn og lagt af stað kl. 10. Beðið fyrir málefnum bæjarfélagsins. Umsjón hefur Halldór Birgisson 896-9597. |
| **Stykkishólmur**<br>Venjulega hefur verið gengið frá Hvítasunnu-kirkjunni, Skúlagötu 6. Lagt af stað kl. 10 og beðið fyrir málefnum bæjarfélagsins. Ekki hefur fundist aðili til að vera leggjarstjóri þetta árið en í raun getur hver sem er skipað sér í skarðið, gengið og beðið. Allt opið með það. | **Selfoss**<br>Gengið verður frá Hvítasunnukirkjunni á Selfossi, Austurvegi 40b, og lagt af stað kl. 10. Sólveig Larsen leiðir gönguna. Beðið fyrir málefnum bæjarfélagsins. |
| **Ísafjörður**<br>Lagt er af stað frá Salem og genginn hringur um Ísafjörð. Tinna Arnórsdóttir leiðir gönguna, 865-6440. | **Hveragerði**<br>Ingibjörg Sigmarssdóttir og Sigurgeir sjá um gönguna í bænum. Gangan hefst heima hjá þeim kl. 12:00, að Heiðmörk 24h. Sími 868-1015. |
| **Akureyri**<br>Bæjarbúar á Akureyri eru hvattir til að taka bænagöngu á þessum fyrsta degi sumars, hver og einn í sínu hverfi. Síðan kl. 11 er boðið upp á kaffi og rúnnstykki í Hvítasunnukirkjunni, Skarðshlíð 18. Allir velkomnir. Umsjón með göngunni hefur Dísa í síma 846-1790. | **Vestmannaeyjar**<br>Lagt af stað frá Stakkagerðistúni kl. 10. Ef margir mæta þá verður skipt í tvo hópa; annars vegar fyrir langa göngu og hins vegar stutta. Beðið fyrir málefnum bæjarfélagsins og stofnunum bæjarins. Leggjarstjóri er Unnur, 896-8986. |
| **Vopnafjörður**<br>Astrid 868-0696 hefur leitt gönguna á Vopnafirði undanfarin ár en í ár verður hún stödd erlendis. Örn Bárður Jónsson, afleysingaprestur á staðnum, 854-2311, mun þess í stað biðja fyrir bæjarfélaginu. | **Keflavík**<br>Að öllu jöfnu er gengið frá Hvítasunnukirkjunni í Keflavík, og lagt af stað kl. 10. Beðið fyrir málefnum bæjarfélagsins. |
| **Egilsstaðir**<br>Undanfarin ár hefur verið gengið frá Egilsstaðakirkju, kl. 10 og beðið fyrir málefnum bæjarfélagsins. Ekki hefur fundist aðili til að vera leggjarstjóri þetta árið en í raun getur hver sem er gengið og beðið. Allt opið með það. | |